

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Ingibjörg Guðjónsdóttir
sópran

Einar Jóhannesson
klarinet

Valgerður Andrésdóttir
píanó

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 28. ágúst 2001 kl. 20:30

Efnisskrá

Ingibjörg Guðjónsdóttir hóf söngnám við Tónlistarskóla Garðabæjar og að loknu burtfararprófi stundaði hún framhaldsnám við Indiana University, Bloomington. Hún hefur haldið fjölda einsöngstónleika og verið einsöngvari með kórum og hljómsveitum bæði hér á landi og erlendis.

Ingibjörg hefur m.a. verið einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, BBC Wales Sinfóníuhljómsveitinni, sænsku Útvarpshljómsveitinni og Sinfóníuhljóm-sveitinni í Óðinsvéum í Danmörku. Ingibjörg hefur verið fulltrúi Íslands á fjöl-mörgum tónlistarhátíðum og hlotið verðlaun og viðurkenningar fyrir list sína. Aðeins níttján ára gömul sigraði hún í Söngkeppni Sjónvarpsins og tók þátt í hinni frægu söngkeppni „Cardiff Singer of the World“. Í uppfærslu Leikfélags Reykja-víkur og Óperusmiðjunnar á „La Bohème“, söng Ingibjörg aðahlutverkið. Um skeið var hún búsett í Danmörku og starfaði sem einsöngvari og stjórnandi Kvennakórs Kaupmannahafnar.

Einar Jóhannesson lærði hjá Gunnari Egilson í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk þaðan einleikarprófi árið 1969. Þaðan hélt Einar til London og nam við The Royal College of Music hjá Bernard Walton og John McCaw og vann þar til Frederick Thurston verðlaunanna. Árið 1979 hlaut hann Sonning verðlaunin fyrir unga norræna einleikara og hélt þá til frekara náms hjá Walter Boeykens. Einar hefur komið fram sem einleikari og hljóðritað fyrir fjölda útvarps- og sjónsvarps-stöðva í Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Hann hefur gegnt stöðu sóló-klarínnettuleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1980 og er einnig félagi í Blásarakvintett Reykjavíkur og Kammersveit Reykjavíkur. Einar hefur leikið inn á diska fyrir Merlin, BIS og Chandos fyrirtækin.

Valgerður Andrésdóttir lauk einleikarprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1985. Kennarar hennar voru m.a. Anna Þorgrímsdóttir og Margrét Eiríksdóttir. Hún stundaði framhaldsnám við Listaháskólann í Berlín hjá prófessor Georg Sava. Þaðan lauk hún burtfararprófi árið 1992. Hún sótti einnig reglulega námskeið hjá György Sebök. Hún bjó um tíma í Kaupmannahöfn þar sem hún starfaði sem undirleikari og píanókennari. Valgerður hefur haldið fjölmarga tón-leika innanlands og erlendis, unnið með söngvurum og í kammersmúsík. Hún starfar nú við Tónlistarskólann í Hafnarfirði.

Eyþór Stefánsson
1901 - 2000

Lindin *Hulda*
Nóttin með lokkinn ljósa
Jóhann Sveinsson frá Flögu

Karl O. Runólfsson
1900 - 1970

Viltu fá minn vin að sjá? *Jóhann Sigurjónsson*
Spjall við spóa *Jóhannes úr Kötlum*
Síðasti dans *Kristmann Guðmundsson*

Louis Spohr
1784 - 1859

Úr *Sex þýzkum söngvum fyrir söngrödd,*
klarínnett og slaghörpu op. 103
Sei still mein Herz
Zwiegesang
Wach auf

Jón Ásgeirsson
f. 1928

Vísur Vatnsenda-Rósu *Rósa Guðmundsdóttir*
Haldiðún Gróa hafi skó *Halldór Laxness*
Vor hinsti dagur er hniginn *Halldór Laxness*
Frumflutningur útsetningar

John McCabe
f. 1939

Þrjú þjóðlög op. 19
Johnny has gone for a soldier *bandarískt*
Hush-a-ba, Birdie, croon, croon *skoskt*
John Peel *breskt*

Jórunn Viðar
f. 1918

Vort líf, vort líf. Til minningar um
misheppnaðan tónsnilling *Steinn Steinarr*

Jón Þórarinsson
f. 1917

Fuglinn í fjörunni *þjóðvísa*
Jeg elsker dig *Magdalene Thoresen*

Franz Lachner
1803 - 1890

Frauenliebe und Leben op. 82

Möchte lieber weinen,
Still im Kämmerlein;
Seit ich ihn gesehen,
Glaub ich blind zu sein.

Síðan ég sá hann

Síðan ég sá hann
finnst mér ég vera blind;
hvert sem ég lít
sé ég ekkert nema hann;
eins og í vökudraumi
svífur mynd hans fyrir mér,
upp úr dýpstu myrkrum
stígur hún þeim mun bjartari.

Allt annað í kringum mig
er birtu- og litasnautt,
ég hef ekki lengur áhuga á
leikjum systra minna,
ég vil heldur gráta hljóðlega
í herbergiskytrunni minni;
síðan ég sá hann
finnst mér ég vera blind.

Adelbert von Chamisso

Reynir Axelsson þýddi

*Úr Sechs deutsche Lieder für eine
Singstimme, Klarinette und Klavier*

*Úr Sex þýzkum söngvum fyrir
söngródd, klarínett og slaghörpu*

Sei still mein Herz

Ich wahrte die Hoffnung tief in der Brust,
Die sich ihr vertrauend erschlossen,
Mir strahlten die Augen voll Lebenslust,
Wenn mich ihre Zauber umflossen,
Wenn ich ihrer schmeichelnden Stimme gelauscht, -
Im Wettersturm ist ihr Echo verrauscht,
Sei still mein Herz, und denke nicht dran,
Das ist nun die Wahrheit, das Andre war Wahn.

Die Erde lag vor mir im Frühlingstraum,
Den Licht und Wärme durchglühte,
Und wonnetrunken durchwallt ich den Raum,
Der Brust entsproßte die Blüte,
Der Liebe Lenz war in mir erwacht, -
Mich durchrieselt Frost, in der Seele ist Nacht.
Sei still mein Herz, und denke nicht dran,
Das ist nun die Wahrheit, das Andre war Wahn.

Ich baute von Blumen und Sonnenglanz
Eine Brücke mir durch das Leben,
Auf der ich wandelnd im Lorbeerkranz
Mich geweiht dem hochedelsten Streben,
Der Menschen Dank war mein schönster Lohn, -
Laut auf lacht die Menge mit frechem Hohn,
Sei still mein Herz, und denke nicht dran,
Das ist nun die Wahrheit, das Andre war Wahn.

Karl Friedrich, Freiherr von Schweitzer

Vertu hljótt, hjarta mitt

Ég geymdi vonina djúpt í hjarta mér,
sem ég hafði opnað henni í trúnaðartrausti,
augu mín geisluðu af lifsgleði,
þegar töfrar hennar streymdu um mig,

þegar ég hlýddi á heillandi rödd hennar, -
bergmál hennar týndist í storminum,
vertu hljótt, hjarta mitt, og hugsaðu ekki um það,
þetta er nú hið sanna, annað var hugarórar.

Jörðin lá frammi fyrir mér í vordraumi,
sem glóði af ljósi og hita,
og sæludrúkkinn reikaði ég um víðáttuna,
og í brjósti mínu sprakk út blómaskrúð,
vor ástarinnar hafði vaknað í mér, -
nú nístir mig frostið, og í sálinni er nótt.
Vertu hljótt, hjarta mitt, og hugsaðu ekki um það,
þetta er nú hið sanna, annað var hugarórar.

Úr blómum og sólarljóma
byggði ég mér brú gegnum lifið,
yfir hana gekk ég með lárviðarkrans
og vígði mig allrahæsta markmiði,
þakklæti mannanna var fegursta umbun mín, -
lýðurinn hlær hátt ósvífnum hæðnishlátri,
vertu hljótt, hjarta mitt, og hugsaðu ekki um það,
þetta er nú hið sanna, annað var hugarórar.

Zwiegesang

Im Fliederbusch ein Vöglein saß
In der stillen, schönen Maiennacht,
Darunter ein Mägdlein im hohen Gras
In der stillen, schönen Maiennacht.
Sang Mägdlein, hielt das Vöglein Ruh,
Sang Vöglein, hört das Mägdlein zu,
Und weithin klang der Zwiegesang
Das mondbeglänzte Tal entlang.

Was sang das Vöglein im Gezweig
Durch die stille, schöne Maiennacht?
Was sang doch wohl das Mägdlein gleich
Durch die stille, schöne Maiennacht?
Von Frühlingssonne das Vögelein,
Von Liebeswonne das Mägdlein;
Wie der Gesang zum Herzen drang,
Vergeß ich nimmer mein Lebelang.

Robert Reinick

John Peel

Þekkirðu John Peel í frakkanum litskæra?
Þekkirðu John Peel þegar dögurinn rís,
þekkirðu John Peel þegar hann er langt, langt í burtu
með hundana sína og hornið sitt að morgni dags?

Þyturinn úr horninu hans vakti mig á fætur,
og galtið í hundunum hans sem hann hafði oft í för,
því að hróp hans „Sjá, halló!“ gat vakið hina dauðu,
eða refinn í greni sínu að morgni dags.

Já, ég þekki John Peel og Ryby líka!
Ranter og Ringwood, Bellmann og True,
frá fundi til könnunar, frá könnun til augskýrnar,
frá augskýrn til dauða að morgni dags.

Þyturinn úr horninu hans o. s. frv.

Þekkirðu John Peel í frakkanum litskæra?
Hann bjó í Troutbeck á löngu liðnum dögum,
nú er hann farinn langt, langt í burtu,
og við heyrum aldrei rödd hans að morgni dags.

Þyturinn úr horninu hans o. s. frv.

Úr *Frauenliebe und Leben*

Seit ich ihn gesehen

Seit ich ihn gesehen,
Glaub ich blind zu sein;
Wo ich hin nur blicke,
Seh ich ihn allein;
Wie im wachen Traume
Schwebt sein Bild mir vor,
Taucht aus tiefstem Dunkel,
Heller nur empör.

Sonst ist licht- und farblos
Alles um mich her,
Nach der Schwestern Spiele
Nicht begehrt ich mehr,

Ussum-suss, dúfan mín, þei, þei

Ussum-suss, dúfan mín, þei, þei,
 ussum-suss, dúfan mín, þei,
 sauðirnir eru farnir í silfurskóginn
 og kýrnar eru farnar í kjarrið, kjarrið.
 Og það er gaman að mjólka kýrnar, kýrnar,
 og það er gaman að mjólka kýrnar.
 Fuglarnir syngja og bjöllurnar klingja
 og dádýrin villtu hlaupa hjá, hjá.

Ussum-suss, dúfan mín, þei, þei,
 ussum-suss, dúfan mín, þei,
 geiturnar eru farnar upp á fjöllin háu
 og koma ekki aftur fyrr en á hádegi.

John Peel

D'ye ken John Peel with his coat so gay?
 D'ye ken John Peel at the break of day,
 D'ye ken John Peel when he's far, far away,
 With his hounds and his horn in the morning?

'Twas the sound of his horn brought me from my bed,
 And the cry of his hounds which he oft-times led,
 For Peel's 'View hallo!' would awaken the dead,
 Or the fox from his lair in the morning.

Yes, I ken John Peel and Ryby too!
 Ranter and Ringwood, Bellman and True,
 From a find to a check, from a check to a view,
 From a view to a death in the morning.

'Twas the sound of his horn etc.

D'ye ken John Peel with his coat so gay?
 He lived at Troutbeck once on a day,
 Now he has gone far, far away,
 We shall ne'er hear his voice in the morning.

'Twas the sound of his horn etc.

Enskt þjóðkvæði

Tvísöngur

Í yllirunnum sat lítill fugl
 um hljóðláta, fagra maínótt,
 fyrir neðan var stúlka í háu grasinu
 um hljóðláta, fagra maínótt.
 Þegar stúlkan söng hljóðnaði fuglinn,
 þegar fuglinn söng hlýddi stúlkan á,
 og tvísöngurinn barst langt út í fjarskann
 eftir mánaskinsljómandi dalnum.

Hvað söng fuglinn á greininni
 um hljóðláta, fagra maínótt?
 Og hvað hefur þá stúlkan líka sungið
 um hljóðláta, fagra maínótt?
 Fuglinn söng um vorsólina,
 stúlkan söng um ástarunaðinn;
 hve söngurinn hrærði hjarta mitt,
 því gleymi ég aldrei allt mitt líf.

Wach auf

Was stehst du lange
 Und sinnest nach?
 Ach schon so lange
 Ist Liebe wach!
 Hörst du das Klingen
 Allüberall?
 Die Vöglein singen
 Mit süßem Schall;

Aus Starrem sprießet
 Baumblättlein weich,
 Das Leben fließet
 Um Ast und Zweig.
 Das Tröpflein schlüpfet
 Aus Waldesschacht,
 Das Bächlein hüpfet
 Mit Wallungsmacht;

Der Himmel neiget
 In's Wellenklar,
 Die Bläue zeigt
 Sich wunderbar,

Ein heitres Schwingen
Zu Form und Klang,
Ein ew'ges Fügen
Im ew'gen Drang!

Vaknaðu

Hví stendur þú svona lengi
og hugsar þig um?
Æ einmitt svo lengi
hefur ástin vakað!
Heyrirðu kliðinn
allt um kring?
Fuglarnir syngja
blíðum rómi;

úr stirðum stofni sprettur
mjúkt laufblað,
lífið streymir
um greinar og kvisti.
dropi smýgur
úr skógargjótu,
lækurinn hoppar
með svellandi afli;

himinninn hneigir sig
í tærleika öldunnar,
bláminn sýnir sig
undurfagur,
glæðvær dans
í háttum og hljómi,
eilíf aðlögum
í eilífri þrá.

Three Folk Songs / Þrjú þjóðlög

Johnny has gone for a soldier

There I sat on Buttermilk Hill,
Who could blame me, cry my fill;
And ev'ry tear would turn a mill;
Johnny has gone for a soldier.

Höfundur óþekktur

Me oh my, I loved him so,
Broke my heart to see him go,
And only time will heal my woe:
Johnny has gone for a soldier.

I'll sell my flax, I'll sell my wheel,
Buy my love a sword of steel,
So it in battle he may wield:
Johnny has gone for a soldier.

Jonni er farinn í herinn

Þarna sat ég á Áfahvoli,
hver getur láð mér, og hágrét;
og hvert eitt tár gæti snúið myllu;
Jonni er farinn í herinn.

Hamingjan sanna, ég elskaði hann svo,
hjarta mitt brast við að sjá hann fara,
og ekkert nema tíminn lækna sorg mína:
Jonni er farinn í herinn.

Ég skal selja hörinn minn og rokkhjólíð,
kaupa ástinni minni sverð úr stáli,
svo hann megi bregða því í orrustu:
Jonni er farinn í herinn.

Hush-a-ba, Birdie, croon, croon

Hush-a-ba, Birdie, croon, croon,
Hush-a-ba, Birdie, croon,
The sheep are gane to the silver wood
An' the cows are gane to the broom, broom.
An' its braw, braw milking the kye, kye,
An' its braw, braw milking the kye.
The birds are singing, the bells are ringing,
The wild deer come galloping by, by.

Hush-a-ba, Birdie, croon, croon,
Hush-a-ba, Birdie, croon,
The gaits are gane to the mountains high,
An' they'll no be hame till noon, noon.

Bandarískt þjóðkvæði

Skozkt þjóðkvæði